



LITLI SÁMUR

FRÉTTABRÉF HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS


5. tbl. – maí 2017

Aðalfundur Hundaræktarfélags Íslands – ný stjórn og nýr heiðursfélagi

Aðalfundur félagsins var haldinn á Hótel Cabin 31. maí síðast liðinn. Ánægjulegt var að sjá hversu margir félagsmenn, um 170 manns, mættu og tóku þátt í fundinum. Ari Karlsson stýðri fundinum og Guðrún Margrét Baldursdóttir ritaði fundargerð. Færum þeim góðar þakkir fyrir sem og þeim félagsmönnum sem komu og hjálpuðu okkur að halda fundinn.

Á fundinum var kosið um tvo meðstjórnendur og varamann þeirra en sex félagsmenn gáfu kost á sér. Daníel Örn Hinriksson og Pétur Alan Guðmundsson hlutu afgerandi kosningu í stjórn félagsins með um 65% atkvæða. Viktoría Jensdóttir hlaut góðan stuðning sem varamaður með rúman helming greiddra atkvæða. Við óskum þeim til hamingju með kjörið. Brynja Tomer hættir í varastjórn eftir fjögur ár og þökkum við henni fyrir vel unnið starf.

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir var sæmd gullmerki félagsins vegna framlags hennar í þágu félagsins og málefna þess síðustu 40 árin. Við þetta tækifæri færðu vinir hennar í félaginu henni málverk eftir Grétu Gísladóttur, af þremur íslenskum fjárhundum í hennar eigu, þeim Leiru Runu Gunn, Arnarstaða Romsu og Arnarstaða Nagla.



Sumarsýning HRFÍ 23.-25. júní

Tvöföld útisýning verður haldin helgina 23.-25. júní nk. Skráning á sýninguna fór langt fram úr áætlunum og munu 1.411 skráðir hundar etja kappi á þremur sýningum yfir helgina.

Föstudagskvöldið fer fram hvolpasýning sem mun hefjast kl. 18 en þar munu 138 hvolpar keppa um bestu hvolpa sýningar. Á sama tíma fer fram keppni ungra sýnenda í stóra hringnum en 24 ungmenni eru skráð.

Á laugardegnum mæta 629 hundar á Reykjavík Winner sýninguna en dómur hefjast kl. 9 í öllum hringjum nema einum sem hefst kl. 10:30. Alþjóðlega sýning fer fram á sunnudeginum þar sem 644 hundar keppa og byrja allir dómhringir þá kl. 9:00.

Vegna fjölda skráninga var áttunda dómurum bætt við í hóp dómara. Við vorum svo heppin að Stephanie Walsh frá Írlandi gat lofað sér með svo stuttum fyrirvara og erum við þakklát fyrir það. Hér má sjá dagskrá hringja á sýningunni – ATH að þessi dagskrá er birt með fyrirvara um breytingar á röðun tegunda inn í hring: <http://www.hrfi.is/freacutettir/sumarsyning-hrfi-23-25-juni>

Frá deildum HRFÍ

Retrierverdeild

Að venju er nóg að gera hjá Retrierverdeildinni.

Vinnu-og veiðinefnd stóð fyrir óformlegu veiðiprófi 8. apríl við Straum í Straumsvík og var það vel sótt þrátt fyrir grenjandi rigningu og var mjög góð stemning meðal deildarmeðlima. Hávar Sigurjónsson dómuramei dæmdi og gaf munnlegar umsagnir.

Fyrsta veiðiprófið var haldið 22. apríl á nýjum prófstað við Stokkseyri í frábæru veðri, dómari var Kjartan I. Lorange, prófstjóri var Arnar Tryggvason og fulltrúi HRFÍ Halldór Garðar Björnsson. Prófað var í byrjenda-og úrvalsflokki-B.

Göngu-og skemmtinefnd stóð fyrir hvolpahittingi 29. apríl í Sólheimakoti



með vöflukaffi í boði deildarinnar. Viðburðurinn var vel sóttur, sérstaklega af nýjum hvolpaeigendum.

Retrieverdeildin hélt annað hlýðniprof þessa árs 13. maí og fór það vel fram í góðu veðri á Marelplaninu í Hafnarfirði. Dómari var Björn Ólafsson, prófstjóri Erla Heiðrún Benediktsdóttir og ritari Marta Sólveig Björnsdóttir.



Annað veiðipróf sumarsins var haldið dagana 9. og 10. maí á Tjarnhólum. Dómari var Halldór Garðar Björnsson, prófstjóri Kári Heiðdal og fulltrúi HRFÍ Sigurmon M. Hreinsson. Prófað var í öllum flokkum.

Næstu tvö veiðipróf fara fram fyrir norðan nánar tiltekið á Melgerðismelum. Þau fara fram dagana 10. og 11. júní. Þetta hafa verið mjög vel sótt próf undanfarin ár og umgjörð öll mjög skemmtileg. Prófdómarar eru Margrét Pétursdóttir og Sigurður Magnússon og eru þau einnig fulltrúar HRFÍ, prófstjórar eru Fanney Harðardóttir og Ragnar Már Þorgrímsson.

Deildarviðburður sem við efnum til á hverju sumri fer fram helgina 14.-16. júlí en þá höldum við veiðipróf og deildarsýningu með erlendum dómurum á sama stað og um sömu helgi.

Nú hefur verið opnað fyrir skráningu á deildarsýninguna sem fer fram í Húsafelli laugardaginn 15. júlí en skráningarfresti líkur 30. júní. Dómari á sýningunni er Olga Teslenko sýningardómari frá Rússlandi. Olga hefur víðtæka reynslu í að dæma retrieverhunda og hefur ræktað golden og Labrador, eins hefur hún unnið lengi fyrir rússneska retrieverklúbbinn.

Veiðiprófin fara fram dagana 14. og 16. júlí og dómari er Heidi Kvan frá Noregi.

Skráning á veiði- og vinnunámskeið með Trond Gjotterud stendur enn yfir og fer hver að verða síðastur til að skrá sig.

Deild íslenska fjárhundsins

Deildarsýning Deildar íslenska fjárhundsins verður haldin í Félagslundi í Flóa þann 12. ágúst 2017. Hans-Åke Sperne frá Svíþjóð mun dæma á sýningunni og í kjölfar hennar verður sameiginlegur kvöldmatur í félagsheimilinu. Nánari upplýsingar um skráningu og dagskrá munu birtast innan skamms á heimasíðu deildarinnar, www.dif.is og á facebook síðu deildarinnar.

Deild íslenska fjárhundsins vill einnig minna á að dagur íslenska fjárhundsins verður haldinn hátíðlegur í annað sinn þann 18. júlí 2017.